

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 502/2002 um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Ef þörf krefur leggur heilbrigðisvísindasvið, að tillögu hjúkrunarfræðideildar, fyrir háskólaráð rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í hjúkrunarfræði. Skal beiðni þar að lútandi send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur fræðasviðsins eigi síðar en í janúar.

#### 2. gr.

2. mgr. 3. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Lágmarkseinkunn í námskeiðum á haustmisseri 1. árs er 5,0. Þeim stúdentum sem þreyta samkeppnispróf á haustmisseri 1. námsárs, og ná tilskilinni lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, er raðað eftir lakkandi heildareinkunn. 120 efstu stúdentarnir fá að halda áfram námi á vormisseri 1. námsárs. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

#### 3. gr.

1. mgr. 4. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundi að fengnum tillögum námsnefndar og er sem hér segir:

Líffærafræði	20%
Félagsfræði	20%
Lífefnafræði	20%
Sálarfræði	20%
Heimspekileg forspjallsvísindi	20%

#### 4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar af háskólaráði skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 27. ágúst 2009.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*